



Ársskýrsla

starfsárið maí 2020 - apríl 2021

Aðalfundur
20. maí 2021

1. Félagar

Félagar í Upplýsingu eru í dag um það bil 379 og þar af 41 stofnanir. Á starfsárinu sem er að ljúka voru 18 nýir félagar skráðir í félagið. Fjöldi úrsagna er með svipuðu móti og áður. Yfirleitt detta nokkrir félagar út á ári og er ástæðan yfirleitt sú að einstaklingar fara á eftirlaun eða hverfa á annan starfsvettvang og segja sig úr félaginu. Einnig detta félagar út af skrá ef þeir hafa ekki greitt félagsgjöld í 2 ár samfleytt og eru alltaf einhverjir sem segja sig úr félaginu á þann hátt. Engin stofnun hefur tilkynnt um úrsögn á árinu.

Félagsaðild er að mestu leyti einstaklingsaðild en í raun eru sex aðildarflokkar:

- a. Almennir félagar. Þeir greiða 7.000 krónur í árgjald.
- b. Stofnanir. Stofnanir greiða 14.000 krónur í árgjald.
- c. Nemendur í upplýsingafræði. Þeir greiða 3.500 krónur.
- d. Heiðursfélagar. Greiða ekki árgjald.
- e. Eldri félagar. Geta sótt um að greiða hálf árgjald.
- f. Fulltrúar í stjórn, ritstjórn og undirbúningshóp Bókasafnsdagsnefndar eru undanþegnir félagsgjöldum til að veita upp á móti vinnuframlagi þeirra til félagsins.

2. Stjórn Upplýsingar

Samkvæmt núgildandi lögum skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum: formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Kjörin stjórn Upplýsingar starfsárið 2020-2021 var sem hér segir:

Formaður: Þórný Hlynsdóttir, Háskólinn á Bifröst (til tveggja ára)
Varaformaður: Barbara Guðnadóttir, Borgarbókasafn (til eins árs)
Gjaldkeri: Berglind Hanna Jónsdóttir, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn (til tveggja ára)
Ritari: Stefanía Gunnarsdóttir, Bókasafn Reykjanesbæjar (til tveggja ára)
Meðstjórnandi: Björg Bjarnadóttir, Fjölbrautaskóli Vesturlands (til eins árs)
Varamenn í stjórn: Jóhann Heiðar Árnason Landsbókasafni (til eins árs) og Þórunn Erla Sighvats (til tveggja ára)

Töluverðar breytingar urðu á stjórn félagsins á starfsárinu.

Barbara Guðnadóttir varaformaður var sú eina sem gaf kost á sér áfram í stjórn og því voru allir aðrir nýir.

Varðandi breytingar á stjórn á þessum aðalfundi vísar stjórn Upplýsingar í lög félagsins, kafla, 5. gr. um stjórnarkjör:

“Ef stjórnarmaður lætur af stjórnarsetu áður en kjörtímabili hans lýkur og varamaður tekur sæti í hans stað, skal kjörtímabil hins síðarnefnda sem stjórnarmanns aðeins ná yfir þann

tíma sem eftir er af stjórnarsetu þess sem hættir. Láti stjórnarmaður af störfum á aðalfundi áður en kjörtímabili hans lýkur skal annar kosinn í hans stað til jafnlangs tíma og eftir er af kjörtímabili þess fyrrnefnda."

3. Húsnæðismál

Félagið á ekki fasta skrifstofu undir starfsemi sína og hefur ekki átt um árabíl. Félagið leigir geymsluaðstöðu hjá Geymslum ehf. að Fiskislóð 11, 101 Reykjavík. Þar er skjalasafn félagsins geymt sem og annað tilfallandi. Starfsaðstaða stjórnarmeðlima er því á heimilum þeirra sem og á vinnustöðum sumra, með leyfi yfirmanna þeirra. Stjórnarfundir hafa verið haldnir til skiptist á vinnustöðum stjórnarmeðlima eftir því sem hentar best hverju sinni. Þetta starfsár hafa flestir fundi verið haldnir rafrænt í gegnum Teams.

4. Stjórnarfundir og rekstur félagsins

Daglegur rekstur og verkefni félagsins eru í höndum stjórnar og hélt stjórn félagsins tíu stjórnarfundir á tímabilinu sem allir voru fjarfundir og átti svo í reglulegum samskiptum á samfélagsmiðlum og í tölvupósti. Áherslan hefur verið að reyna að halda faglegu fræðslustarfi gangandi þrátt fyrir samgöngutakmarkanir og áskoranir því tengdu. Því var tekin sú ákvörðun að gefa út fréttabréf að nýju og leggja áherslu á miðlun upplýsinga af vef félagsins með stafrænu fréttabréfi. Þannig hefur verið lögð áhersla á viðveru á samfélagsmiðlum og upplýsingagjöf til félagsmanna.

Innan Upplýsingar starfa einnig starfshópar og nefndir sem skipuleggja og halda utan um ýmis verkefni á vegum félagsins s.s. Bókasafnsdaginn, Landsfund, útgáfu Bókasafnsins, Höfundaréttarmál og málþing. Markmiðið með slíkum viðburðum er að auka möguleika félagsmanna til endurmenntunar og miðla fræðslu um starfsemi bókasafna innanlands og utan.

Stjórnarmenn fá greitt fyrir stjórnarsetu, félagið greiðir einnig fyrir setu í ritnefnd og vefstjóri fær árlega greiðslu auk þess sem formaður og gjaldkeri fá greidda þóknun mánaðarlega. Formaðurinn er í raun framkvæmdastjóri félagsins og sér um öll samskipti og helstu útréttingar á vegum þess. Þessar upphæðir eru tilgreindar í reikningum félagsins.

5. Fjármál og styrkir

Árgjöld félaga, bæði einstaklinga og stofnana, er rekstrarfé félagsins. Þó sækir félagið um styrki vegna sérstakra atburða eins og Bókasafnadags og Landsfundar. Ávallt er stefnt að því að þessir viðburðir standi undir sér og halda kostnaði sem lendir á félaginu í lágmarki. Sótt er um styrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytis til að standa undir kostnaði við faglega fundi og erlent samstarf og hefur slíkur styrkur fengist undanfarin ár. Að þessu sinni er styrknum ætlað að standa undir kostnaði vegna árlegra funda Norrænna bókavarðafélaga og kostnaði við að

senda tvo fulltrúa Upplýsingar á IFLA WLIC ráðstefnur annað hvert ár. Vegna yfirstandandi heimsfaraldurs hefur ráðstefnuhald fallið niður, verið frestað eða færst yfir á netið.

6. Afsláttarkjör fyrir félagsmenn

Engar breytingar hafa orðið á afsláttarkjörum fyrir félagsmenn. Eins og verið hefur undanfarin ár fá félagsmenn 20% afslátt af **bókum** og **tímaritum** í Eymundsson. Einnig fá félagar 20% afslátt í Iðu Zimsen, Vesturgötu 2a, 10% afslátt af völdum námskeiðum hjá Promennt og 10% afslátt í A4. Félagsmenn fá svo frítt á Morgunkorn og afsláttur er veittur af skráningargjaldi Landsfundar og ráðstefnum og málþingum á vegum Upplýsingar og erlendra samtaka sem félagið er aðili að. Einnig er jólagleðin og aðrar heimsóknir félagsins án endurgjalds fyrir félagið Upplýsingar. Reynt er að láta gjöld ganga upp á móti tekjum þannig að félagsmenn fái til baka það sem þeir setja í félagið.

7. Útgáfumál og upplýsingamiðlar

Bókasafnið

Félagið hefur um árabíl gefið út tímaritið Bókasafnið einu sinni á ári. Erfitt hefur reynst að manna ritnefnd undanfarin ár og sl. ár hefur engin ritnefnd verið starfandi. Það er von stjórnar að hægt verði að koma í veg fyrir að tímaritið hverfi af sjónarsviðinu og að hægt verði að koma því í stafrænt form en til þess þarf áhugasama félagsmenn og framboð á efni. Hægt er að lesa eldri árganga blaðsins á www.timarit.is.

Fregnir

Fréttabréfið Fregnir var endurvakið á starfsárinu og sett í stafrænt form, komið hafa út 5 tölublöð á árinu með upplýsingum um hvað helst er á döfinni hjá bókasöfnum í heimsfaraldrinum, tilkynningar um Morgunkorn verið sendar út, fréttir af innlendum og erlendum vettvangi og ýmislegt reynt til að vekja áhuga félagsmanna á starfsemi félagsins.

Eldri tölublöð Fregna er að finna á vef Fregna, (<http://upplysing.wordpress.com/>).

Vef- og samfélagsmiðlar Upplýsingar

Vef- og samfélagsmiðla Upplýsingar má flokka í þrjá hópa. Í fyrsta lagi efnisvefi tengdir starfi Upplýsingar, tilkynninga- og samskiptatæki og sértæka efnisvefi.

Efnisvefir: [Upplýsing.is](http://upplysing.is) / Youtube /

Tilkynninga- og samskiptatæki: Facebook og Fregnir, fréttabréf í tölvupósti

Sértækir miðlar: Bokasafn.is / Facebook (Bókasafnsdagurinn) Instagram (Bokasafnsdagurinn) / Twitter (Bokasafnsdagur) / Snapchat (Bokasafn.is)

Efnisvefir:

Vefur upplýsingar, upplysing.is inniheldur upplýsingar um starfsemi félagsins, fræðslu, starfsumhverfi félagsmanna, upplýsingar um viðburði og myndasafn. Einnig eru hýstir undir vef

upplýsingar undirvefir s.s. vefur um upplýsingalæsi, vefur Bókasafnsins, Bókasafnsdagsins og sérstakir ráðstefnuvefir vegna viðburða tengdum faginu. Vefurinn var endurhannaður í WordPress umhverfi og opnaður vorið 2017. Árið 2020 var unnið að því að yfirfara vefinn efnislega, uppfæra gamalt efni og setja inn nýtt tengt félaginu. Meðal annars var bætt við fréttum af innlendum og erlendum vettvangi.

Á **Youtube rás Upplýsingar** má finna safn myndbanda sem tekin hafa verið upp á vegum félagsins.

Þar má helst nefna upptökur af morgunkornum og ráðstefnum. Síðan 2017 hefur verið leitast við að streyma öllum Morgunkornum beint í gegnum Youtube. Í einhverjum tilfellum reyndist netsamband ekki nógu stöðugt eða hljóð- og myndgæði ekki nógu góð og var myndband þá sett inn að morgunkorni loknu. Árið 2020 var brugðið á það ráð að hafa morgunkornin í fjarfundi þegar samkomutakmarkanir vegna Covid leyfðu ekki staðfundi og var upptökum af þeim fundum deilt á Youtube. Á tímabilinu apríl 2020 til apríl 2021 voru birt 6 myndbönd, 5 Morgunkorn og 1 viðtal.

Tilkynninga- og samskiptatæki:

Facebook síða Upplýsingar er upplýsingasíða um starfsemi félagsins og málefni sem tengjast félaginu. Þar eru helst settar inn tilkynningar og skráningar vegna viðburða, myndir af starfi félagsins og einnig er áhugaverðum fréttum deilt á síðuna. Fyrirspurnir hafa einnig verið að berast gegnum Facebook til félagsins.

Reiknistofa Háskólans hætti uppfærslum á póstlista Upplýsingar, Bókinni, árið 2020 og í hans stað ákvað stjórn félagsins að senda út reglulegt fréttabréf á netfangalista félagsmanna. Hefur fréttabréfið fengið nafnið Fregnir, en það nafn var notað á fréttabréf Upplýsingar sem gefið var út á árunum 1976 til 2017 með hléum og þótti ástæða til að halda tryggð við það fróma nafn.

Utanhald miðla Upplýsingar

Vef- og miðlastjóri Upplýsingar er Sif Sigurðardóttir. Meðal verkefna vefstjóra eru uppfærsla vefsins með tilliti til viðburða svo sem morgunkorna, ráðstefna, málfunda, og annarra uppkoma á vegum félagsins. Vefstjóri sér einnig um að taka upp, klippa og vinna myndbönd af ráðstefnum, málþingum, morgunkornum og öðrum viðburðum tengdum Upplýsingu og varðveita og deila. Vefstjóri hefur einnig séð um viðburði sem haldnir hafa verið sem fjarfundir árið 2020.

8. Bókasafnsdagurinn 2020

Bókasafnsdagurinn var haldinn í 10. skipti, þriðjudaginn 8. september 2020. Markmið dagsins er að vekja athygli á öllu því góða starfi sem unnið er á öllum tegundum bókasafna, og mikilvægi þeirra fyrir samfélagið.

Yfirskrift bókasafnsdagsins 2020 var **Lestur er bestur – hryllilega spennandi**.

Dagurinn var auglýstur í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Morgunkorn dagsins var haldið í Gerðubergi, við hátíðlega athöfn þar sem Úlfhildur Dagsdóttir, bókmenntafræðingur og verkefnastýra á Borgarbókasafninu flutti erindi um hryllingsbókmenntir.

Áður hafði starfsfólk bókasafna og gestir þeirra verið beðnir um að svara eftirfarandi spurningu: hvaða hryllingssaga, draugasaga eða glæpasaga hefur fengið hárin til að rísa og jafnvel látið þig kíkja undir rúm og sleppa því að slökkva ljósin? Mörg svör bárust og var í kjölfarið útbúið veggspjald þar sem niðurstöðurnar voru kynntar á myndrænan hátt.

Auk framangreinds, var ákveðið að bæta við dagskrárlíð á árinu, en það var erindi rithöfundar í beinu streymi. Hildur Knútsdóttir hélt erindi að þessu sinni sem mæltist vel fyrir. Fjölmörg bókasöfn styrkja bókasafnsdaginn og þakkar Upplýsing þeim kærlega fyrir stuðninginn.

9. Ferðasjóður Upplýsingar

Fullgildir félagar Upplýsingar til þriggja ára geta sótt í sjóðinn styrk upp á 30.000 kr. fyrir náms- og kynnisferðir erlendis. Að þessu sinni barst ein umsókn um styrk, sem skiljanlega var dregin til baka í ljósi aðstæðna.

10. Höfundarréttarmál

Höfundarréttarhópur hefur ekki komið saman á þessu starfsári. Í nefndinni sitja tveir meðlimir:

Erlendur Már Antonsson, Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni.

erlendur.m.antonsson@landsbokasafn.is

Þorbjörg Bergmann, Bókasafni Hafnarfjarðar, tobba82@live.com

Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í **Höfundarréttaráð** og var Örn Hrafnkelsson, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni skipaður í ráðið.

12. Fræðslumál

Landsfundur

Landsfundi Upplýsingar sem halda átti á Ísafirði dagana 25.-26. september 2020 varð að fresta um ár af óviðráðanlegum orsökum, en heimsfaraldur Covid-19 kom í veg fyrir að af honum gæti orðið. Ákveðið hefur verið að halda fundinn 23.-24. september 2021.

Málþing

Hefð er fyrir því að Upplýsing haldi málþing annað hvert ár, á móti Landsfundi. Málþingið er þá haldið í Reykjavík og skipað í nefnd til að undirbúa málþingið. Kallað hefur verið eftir fulltrúum í undirbúningsnefnd en næsta málþing verður haldið haustið 2022. Formaður Upplýsingar á sæti í nefndinni, einn hefur boðið sig fram og enn vantar tvo.

Morgunkorn

Morgunkorn voru á sínum stað á síðasta starfsári þó með breyttu sniði væru. Tilgangur Morgunkorna er að efla faglega vitund félagsmanna og fá bæði einstaklinga utan og innan félagsins til að ræða mál sem eru í brennidepli hverju sinni. Fundirnir fara fram í formi fyrirlestrar og standa í um það bil hálf tíma og lýkur með umræðum ef tími leyfir. Fundunum var streymt á YouTube rás Upplýsingar og upptökurnar því einnig aðgengilegar þar eftir að fundum lýkur.

Fyrsta Morgunkornið var, eins og venja er, haldið í tilefni Bókasafnsdagsins 8. september. Úlfhildur Dagsdóttir, verkefnastjóri safnkosts á Borgarbókasafni hélt erindið “Það er margt sem myrkrið veit : úti bíður andlit á glugga. Eða bara Bókin sem beit” í fyrirlestrarsal Gerðubergs. Fundinum var einnig streymt á YouTube.

Morgunkorn var haldið 19. nóvember. Þar kynntu Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Sigurgeir Finnsson verkefnastjóri frá Landsbókasafni innleiðingu á nýju rannsóknupplýsingakerfi fyrir Ísland. Fundinum var streymt á YouTube rás félagsins.

Morgunkorn 17. febrúar var haldið í Gerðubergi og streymt. Þar kynnti Rósa Björg Jónsdóttir Bókasafn móðurmáls með fyrirlestri sínum “Tungumálatöffarar”. Tæknilegir örðugleikar voru með streymið og Rósa flutti fyrirlesturinn aftur í upptöku sem hægt er að nálgast á YouTube rás félagsins.

Morgunkorn 25. mars var eingöngu haldið í streymi, þar sagði Dögg Sigmarsdóttir verkefnastjóri borgaralegrar þátttöku á Borgarbókasafni frá vitundarvakningu sem á sér stað um bókasöfn sem samfélagsrými og vettvang lýðræðis í erindinu “Hugsaðu þér stað”. Upptökuna má sjá á YouTube rás Upplýsingar.

Aðrir viðburðir

Jólagleði félagsins sem hefð er fyrir að halda í byrjun desember varð einnig að fresta vegna Covid-19. Stjórn þótti ómögulegt að geta ekki glatt félagsmenn eins og venja er og eftir töluverðar vangaveltur var ákveðið að leita tilboða í gæðasúkkulaði til að senda með jólakveðju til félagsmanna. Tilboði í tvær tegundir í fallettum umbúðum var tekið frá Hafsteini konditormeistara í bakaríi Mosfellsbæjar. Stjórn hittist í Borgarbókasafni og pakkaði súkkulaði og jólakveðju í litla pakka til að senda og vakti uppátækið ánægju og gleði félagsmanna.

13. Nefndir, ráð og starfshópar á vegum Upplýsingar 2020 - 2021

Nefndum sem tengjast starfi félagsins hefur stórlega fækkað undanfarin ár og þeirra störf lent meir og meir á stjórn félagsins. Hér munar sérstaklega um störf uppstillingarnefndar, sem hafði það hlutverk að finna fólk í nefndir og ýmis önnur verkefni. Ástæðan fyrir þessari þróun er einföld, erfiðlega hefur gengið að fá fólk til að starfa í nefndum fyrir félagið þegar aðrir hafa hætt. Hér á eftir fara þær föstu nefndir og starfshópar sem störfuðu fyrir félagið á síðasta starfsári.

Starfshópar og skipun þeirra

Þau vinnubrögð hafa tíðkast um nokkurt skeið að auglýsa eftir þátttakendum í hópa um ýmis málefni og gefa þannig félögum kost á að vinna við undirbúning þeirra. Allir félagsmenn eru velkomnir í þessa hópa.

Höfundaréttarnefnd - í nefndinni eru nú:

Erlendur Már Antonsson, Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni.

erlendur.m.antonsson@landsbokasafn.is

Þorbjörg Bergmann, Bókasafni Hafnarfjarðar, tobba82@live.com

Skýrsla ritnefndar 2020-2021

Engin ritnefnd hefur verið að störfum á starfsárinu sem er miður, en það er von okkar að félagsmenn finni þörf til að taka þátt í útgáfumálum félagsins á ný.

Bókasafnsdagsnefnd

Undirbúningshópur Bókasafnsdagsins hefur unnið að framgangi þess dags og borið allan þunga af undirbúningi hans.

Í undirbúningshópnum 2020-2021 sátu:

Barbara H. Guðnadóttir, f.h. stjórnar Upplýsingar

María Logn Kristínardóttir Ólafsdóttir

Arnfríður Jónasdóttir

Arna Emilía Vigfúsdóttir

Edda Hrund

Margrét Björnsdóttir

Margrét Sigurgeirsdóttir

14. Innlent samstarf

Upplýsing á fulltrúa í ýmsum nefndum og ráðum utan Upplýsingar.

a) Blái skjöldurinn

Upplýsing, sem fulltrúi IFLA, á fulltrúa í landsnefnd Bláa skjaldarins og í fræðsluhóp Bláa skjaldarins. Fulltrúar Upplýsingar 2019-2021 voru Hulda Bjarnadóttir og varamaður Hrönn Sigurðardóttir Erludóttir en hvorug gaf kost á sér til áframhaldandi setu. Nýir fulltrúar Upplýsingar næstu tvö árin (2021-2023) eru Guðný Ragnarsdóttir á Árnastofnun og varamaður Guðný Kristín Bjarnadóttir á bókasafni Reykjanesbæjar.

Skýrsla fulltrúa Upplýsingar í Landsnefnd Bláa skjaldarins um starfsárið 2020-2021

Landsnefnd Bláa skjaldarins hélt fimm fundi frá síðasta aðalfundi Upplýsingar, 27. ágúst 2020. Landsnefnd var skipuð í byrjun árs 2019 til tveggja ára og tók hún við störfum 6.

mars 2019. Nefndin var skipuð þannig að Karen Sigurkarlsdóttir situr fyrir hönd viðurkenndra fulltrúa Alþjóðaskjalaráðsins á Íslandi, Hulda Bjarnadóttir fyrir hönd Alþjóðasamtaka bókasafna á Íslandi (Upplýsing), María Karen Sigurðardóttir fyrir hönd Íslensku ICOMOS nefndarinnar og er hún formaður nefndarinnar, og Anna Guðný Ásgeirsdóttir fyrir hönd Íslandsdeildar ICOM. Hrönn Sigurðardóttir er varafulltrúi Upplýsingar. Landsnefndin var endurskipuð á dögnum og fulltrúar Upplýsingar í Landsnefnd Bláa skjaldarins 2021- 2023 eru Guðný Ragnarsdóttir og Guðný Kristín Bjarnadóttir.

Landsnefndin stóð fyrir námskeiði á Ísafirði í samstarfi við Byggðasafn Vestfjarða þann 14. ágúst 2020 um öryggismál menningarstofnanna. Nathalie Jacqueminet, forvörður og safnafræðingur, hélt námskeiðið og fór það fram í fræðslumiðstöð Vestfjarða. Markmið námskeiðsins var að hvetja menningarstofnanir á Vestfjörðum að auka samstarf vegna fyrirbyggjandi aðgerða og í viðbrögð við vá. Samstarf Bláa skjaldarins og Almanna- og Mannavarna var formlega virkjað af samhæfingarástjórn Almanna- og Mannavarna undir lok desember 2020 vegna aurskriða á Seyðisfirði. En landsnefndin hefur unnið að því síðustu ár að tengjast samhæfingarmiðstöð Almanna- og Mannavarna svo nefndin geti lagt til stuðning og fagþekkingu þegar þörf er á. Landsnefndin fór yfir leiðbeiningar Almanna- og Mannavarna um verndun persónulegra og menningarlegra verðmæta vegna þess björgunar- og uppbyggingarstarfs sem fram fór í kjölfar skriðanna. En alls skemmdust eða eyðilögðust tíu hús sem teljast til menningarminja, þ.á.m. stór hluti húsakosts Tækniminjasafns Austurlands.

Formaður landsnefndar Bláa skjaldarins birti grein hjá Kjarnanum 19. október 2020 þar sem hún brást við þætti Kveiks um varðveislu menningarminja. Þar hvatti hún fyrir hönd landsnefndarinnar sveitarfélögin til að taka sér ríkið til fyrirmyndar og setja á stefnuskrá sína og fjárhagsáætlanir að hlúa að menningarverðmætum í sinni eigu og koma upp viðunandi varðveisluaðstöðu innan fimm ára. Einnig hvatti hún sveitarfélög til að huga vel að forvörnum í safnastarfi svo þjóðargensermar glatist ekki.

Landsnefndin stefnir á að halda málþing um verndun menningararfs hér á landi með áherslu á viðbragðsáætlun menningarstofnana. Málþingið átti að halda 7. maí 2020 en í ljósi aðstæðna þurfti að fresta málþinginu og enn hefur ekki verið hægt að festa nýja dagsetningu. Landsnefndin er að vinna að og þrýsta á stjórnvöld að fullgilda Haag-sáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1954 um vernd menningarlegra verðmæta þegar átök eiga sér stað. Blái skjöldurinn sendi inn umsögn um þingmálið þann 23. mars 2020. Blái skjöldurinn hefur gert þriggja ára samning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, fyrir árin 2020-2022, og hlýtur 700.000 kr. rekstrarstyrk á ári vegna námskeiðishalds um neyðaráætlanir, og 700.000 kr. styrk úr safnasjóði sem ætlaður er til að halda málþing á vegum Bláa skjaldarins á Íslandi.

Hulda Bjarnadóttir

b) Undirbúningsnefnd árlegrar barna- og unglingsbókaráðstefnu í Gerðubergi

Á ári hverju er haldin barna- og unglingsbókaráðstefna í Menningarhúsinu í Gerðubergi. Gréta Björg Ólafsdóttir, deildarstjóri barnastarfs í Bókasafni Kópavogs er fulltrúi Upplýsingar í nefndinni. Síðasta ráðstefna bar yfirskriftina *Lestur sem sameiginleg upplifun*, sjá má dagskrána hér: [Ráðstefna um barna- og unglingsbókmenntir | Lestur sem sameiginleg upplifun](#)

c) Fulltrúaráð Þjónustumiðstöðvar Bókasafna

Fulltrúaráð Þjónustumiðstöðvar Bókasafna var stofnað 2016. Samkvæmt skipulagsskrá er fulltrúaráð skipað 15 fulltrúum og eru allir félagar í Upplýsingu kjörgengir.

d) Bókasafnaráð

Starfsskýrsla bókasafnaráðs árið 2020-2021.

Með setningu bókasafnalaga nr. 150/2012 og gildistöku í janúar 2013 varð breyting á lagaumhverfi bókasafna á Íslandi en helsti tilgangur laganna er að efla starfsemi og samvinnu bókasafna. Þannig að þau geti sem best gegnt því hlutverki að vera þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfn hafa að geyma.

Þau ná til bókasafna sem eru rekin eru af hinu opinbera fyrir almannafé. Samkvæmt lögum þessum teljast Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Hljóðbókasafn Íslands svo og háskólabókasöfn, almenningsbókasöfn, bókasöfn framhalds- og grunnskóla, sérfræðisöfn og bókasöfn í stofnunum sem reknar eru af ríki eða sveitarfélögum, eftir því sem við á. Þessi söfn mynda sameiginlega bókasafnakerfi landsins. Þau skulu taka þátt í samstarfi bókasafna og safnkostur þeirra skal aðgengilegur eftir því sem við verður komið. Upplýsingar um safnkostinn skulu aðgengilegar öllum.

Aðalbreytingin með nýjum lögum var einkum sú að skólasöfn grunnskólanna fóru aftur í lög en eins og þið eflaust þekkið þá var ákvæðið um þau fellt út með fyrri lögum. Það vantar þó mikið upp á að þau hafi sama stuðning af lagarammanum og skólasöfn framhaldsskólanna eins og ákvæði um menntun starfsmanna og fleira. Einnig kveður við nýjan tón með auknum áherslum á samvinnu milli safnaeininganna. Ráðherra hefur yfirumsjón með stefnumörkun og samræmingu á starfsemi bókasafna sem undir lög þessi falla. En Bókasafnaráð er ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni bókasafna.

Hvað er þá Bókasafnaráð?

Ráðherra skipar bókasafnaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna tilnefna hvort sinn fulltrúa í ráðið, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, tilnefnir tvo fulltrúa ólíkra flokka bókasafna, og einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í bókasafnaráði lengur en tvö samfelld starfstímabil. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Landsbókavörður og forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands sitja fundi bókasafnaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Kostnaður af starfsemi bókasafnaráðs greiðist úr ríkissjóði. Hlutverk Bókasafnsráðs samkvæmt 5. grein bókasafnalaga nr. 1 50/2012 er:

- að vinna að stefnumörkun um starfsemi bókasafna í samvinnu við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sem send er ráðherra til samþykktar,
- að setja reglur um söfnun og úrvinnslu tölfraeðilegra upplýsinga um bókasöfn á Íslandi sem ráðherra staðfestir,
- að setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
- að veita umsögn um styrkumsóknir úr bókasafnasjóði,
- að sinna öðrum verkefnum á sviði málefna bókasafna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Það tók þó nokkurn tíma til að fá ráðuneyti til að virkja Bókasafnsráð en það var bæði án fjárveitinga og formenn komu og fóru fyrstu 3 árin. Frá og með síðast liðnu hausti höfum við hins vegar fundað þrettán sinnum. Formaður Bókasafnaráðs er Linda Hrönn Þórisdóttir.

Við höfum unnið undirbúningsvinnu að styrkveitingum og er það verkefni komið til Rannís og verður opnað fyrir styrkumsóknir í haust en framvegis verður það á hverju vori. Við vinnum nú að stefnumótun og horfum til nágrannaþjóða sem og höfum við reynt að hlusta eftir röddum félagsmanna. Hér með er óskað eftir að þið látið rödd ykkar berast til okkar í ráðinu svo við getum náð að virkja sem flest sjónarmið og þannig stuðlað að því að Bókasafnaráð sé hlutverki sínu vaxið að styðji starfsemi bókasafna og stuðli einnig að aukinni og bættri samvinnu bókasafna á landinu.

Ráðið hefur rætt ýmis mál varðandi bókasöfn landsins. Rekstur og starfsumhverfi bókasafna, framboð á fjölbreyttu efni í ýmsu formi og hvernig megi t.d. gera bókasöfnunum kleift að lána hljóð- og rafbækur. Við höfum rætt við formann Félags fagfólks á skólasöfnum, Dröfn Vilhjálmisdóttur, til að kynna okkur starfsemi skólasafnanna og hver þeirra meginvandi er. Þar er greinilega af nægu að taka eins og áður og bindum við vonir við að aukin samvinna fagfólks skili okkur bættri bókaútgáfu fyrir börn og einnig aukinni virðingu fyrir fagmenntun á bókasöfnum landsins. Auk þess má nefna að ráðið hefur rætt um nauðsyn þess að tölfraeðigögn um starfsemi bókasafna verði samræmd og aðgengileg. Ráðið telur æskilegt að Hagstofan haldi utan um söfnun og aðgengi að gögnunum. Einnig hefur verið rætt um átakið Áfram íslenska. Bókasafnaráð sendi allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um þingsályktunartillögu um Menntastefnu 2021-2030 og minnti þar á mikilvægi bókasafna og mikilvægi þverfaglegar samvinnu fagfólks sem og mikilvægi upplýsingalæsis.

Við höfum eins og komið hefur fram lagt okkur fram um að gera okkar besta en betur má ef duga skal og hvetjum við vora félagsmenn til að beita sér fyrir gróskumiklu safnastarfi og aukinni samvinnu. Þvert á fagstéttir og þvert á safnagerðir. Áfram við.

Með kveðju, Fulltrúar Upplýsingar í Bókasafnaráði

Siggerður Ólöf Sigurðardóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur, fyrrverandi formaður FFÁS og núverandi grunnskólakennari.

Viggó Kristinn Gíslason, bókasafns- og upplýsingafræðingur

15. Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Alþjóðleg og norræn samskipti eru mismikil. Reynt hefur verið að halda uppi samstarfi við norrænu bókavarðafélögin og IFLA enda má til sanns vegar færa að þessi samskipti séu féluginu gagnlegust.

a) Samstarf norrænu bókavarðafélaganna

Fulltrúar norrænu bókavarðafélaganna hittast að jafnaði tvisvar á ári. Fundað er á meðan IFLA-þing stendur og svo er skipst á að bjóða til funda. Vegna heimsfaraldurs Covid hafa norrænu félögin hist á Teams og fundur sem vera átti í Osló í janúar 2020 hefur verið frestað um ár.

b) IFLA

Stefnt er að því að tveir fulltrúar Upplýsingar fari á IFLA ráðstefnu á hverju ári. Árið 2020 féll IFLA ráðstefnan niður vegna Covid-19 faraldursins. Í apríl og maí voru allar stjórnir og nefndir IFLA leystar upp og gengið til kosninga í maí 2021. Ísland bauð engan fram til starfa í þeim en nokkrir fulltrúar frá Norðurlöndunum buðu sig fram.

c) ALMA

Upplýsing á fulltrúa í nefnd um úthlutun styrkja á vegum ALMA - Astrid Lindgren Memorial Award, sem er alþjóðlegur styrkur veittur fyrir barna- og unglingsbókmenntir. Íslensku nefndina skipa auk fulltrúa Upplýsingar fulltrúi IBBY á Íslandi, fulltrúi Félags íslenskra teiknara (FÍT) og fulltrúi Rithöfundasambands Íslands.

Gréta Björg Ólafsdóttir deildarstjóri barnastarfs í Bókasafni Kópavogs var fulltrúi Upplýsingar þetta starfsár en Hólmfríður Björk Pétursdóttir, verkefnastjóri barnastarfs á Amtsbókasafninu á Akureyri mun taka við af henni næsta starfsár. Upplýsing þakkar Grétu Björgu kærlega fyrir samstarfið.

Að lokum

Formaður sendir kærar þakkar til allra þeirra sem hafa lagt hönd á plóg á þessu krefjandi ári fyrir Upplýsingu, sérstaklega öðrum stjórnarmeðlimum og vefstjóra fyrir ötula vinnu í þágu félagsins. En við komum næstum öll ný að starfinu þetta ár og lærðum margt. Með mikilli samheldni og góðri samvinnu hefur Upplýsing verið kleift að halda á lofti fána félagsins með fræðslu um fagið og talsverðri virkni í sínu félagsstarfi þrátt fyrir samkomutakmarkanir og þær hindranir fyrir hefðbundnu starfi sem það olli. Að sama skapi vill Upplýsing þakka öllum félagsmönnum innilega fyrir aðkomu sína, sérstaklega þeim sem stigu fram og héldu erindi á Morgunkornum, komu í viðtal við Fregni og tóku þátt í þeim viðburðum sem tengjast féluginu, sem og fyrir ábendingar um hvað betur megi fara og eins þann stuðning sem borist hefur frá félagsmönnum

síðastliðið starfsár. Upplýsing er félag allra þeirra sem starfa á bókasöfnum auk þess að vera fagfélag þeirra sem aflað hafa sér sérmenntunar í faginu. Án virkrar þátttöku í starfsemi félagsins fær það ekki starfað og það verður því fullseint þakkað fyrir áhugasama félagsmenn.

Að endingu viljum við í stjórninni hvetja alla þá sem hafa áhuga á að starfa í umboði félagsins að hafa samband, spyrja okkur, hvetja og gagnrýna því þannig komumst við áfram.

Gleðilegt sumar.

20. maí 2021,
Þórný Hlynsdóttir